

Alþingi
Erindi nr. P 131/718
komudagur 21.1.2005

Kæri viðtakandi,

Hér eru nokkrar athugasemdir Fuglaverndar um "Frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 og skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997 með síðari breytingum", en við höfðum frest þar til í dag að senda inn athugasemdir.

12 gr. er varðar málskot til ráðherra. Stjórnin telur ekki rétt að takmarka rétt almennings til málskots við þá sem eiga lögvarða hagsmuni, slíkt takmarkar lýðræðislegan rétt almennings og getur komið algerlega í veg fyrir það að almenningur, þ.e. einstaklingar, kæri ákvarðanir Skipulagsstofnunar ráðherra.

Ánægjulegt er að sjá að efnistaka á hafsbotni er nú einnig matsskyld, sbr. 18 gr., en félagið hefur gert athugasemdir á liðnum árum vegna þess að í núverandi lögum um umhverfismat er ekki fjallað um efnistöku á hafsbotni.

19. gr.

Stjórn Fuglaverndar tekur undir fyrsta hlutann þ.e. að "Nýræktun skóga á 50 ha svæði eða stærra" skuli fara í umhverfismat. En Fuglavernd tekur ekki undir það sem á eftir kemur "þar sem ekki er í gildi skipulagsáætlun sem markar stefnu um skógrækt og leyfisveitingar vegna slíkra framkvæmda". Gangi þessar breytingar eftir mun engin skógrækt í landinu fara í umhverfismat. Fuglavernd telur það óviðundandi að aldrei hafi farið fram umhverfismat vegna skógræktar á Íslandi og með breytingartillögunni er ljóst að slíkt muni ekki verða í framtíðinni.

Rétt er að geta alþjóðlegra skuldbindinga Íslendinga og eins laga um umhverfismat í nágrannalöndum okkar þar sem skógrækt er alls staðar umhverfismatsskyld. Fuglavernd hvetur til þess að stóru skógræktaráætlanirnar sem kenndar eru við einstaka landshluta skuli ætíð vera umhverfismatsskyldar. Í þessu sambandi má einnig benda á tilmæli sem koma fram í skýrslu M. B. Usher til fastanefndar Bernarsamningsins frá árinu 2002: "Afforestation of lowland in Iceland. Report of an on-the-spot appraisal undertaken for the Council of Europe (29 May – 2 June 2002)".

Í 19. gr. eru talinn upp ýmsar framkvæmdir sem kunna að vera matsskyldar, bygging nýrra íbúahverfa í þéttbýli ætti að vera getið í 2. viðauka.

II kafli. 22. gr.

Síðasta setning verði: Landgræðslu- og skógræktaráætlanir skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og sæti umhverfismati.

Virðingarfyllst, f.h. stjórnar,

Ólafur Einarsson

Framkvæmdastjóri